

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-02914/AIG-21**

Dags: **12. ágúst 2014**

Staður: **Tungubakkar í Mosfellsbæ**

Lýsing: **Lenti of skammt**

Einkaflugmaður á flugvélinni TF-KAK, sem er stélhjólflugvél af gerðinni Piper J3C-65, hugðist taka nokkrar snertilendingar á Tungubakkflugvelli í Mosfellsbæ. Flugvöllurinn er við sjávarmál eða í 18 feta hæð. Á flugvellinum eru tvennar merkingar fyrir flugbrautarenda, annarsvegar innri merkingar sem miða skal við þegar sérstakar aðstæður



eru við brautarenda svo sem sökum stórstreymis og afleiðinga þess. Hinsvegar eru ytri merkingar sem gilda þegar aðstæður gefa tilefni til þess. Flugmaðurinn var að lenda til austurs á flugbraut 07 og miðaði landingu þannig að flugvélin færi inn fyrir ytri merkingar (belgi) við enda flugbrautarinnar.

Þegar flugmaðurinn lenti flugvélinni, þá gekk vatnsgusa (sjór) yfir flugvélina og brá flugmanninum við það. Flugmaðurinn dró stýrispinnan að sér til þess að reyna að forða flugvélinni frá því að fara á nefið og/eða að hafna á hvolfi. Flugvélin hafnaði á nefinu og skemmdist lítillega.

Stórstreymi<sup>1</sup> var á þessum tíma og náði sjór að flæða inn á flugbrautina. Á myndinni hér til hliðar má sjá punktalínu á milli belgjanna sem merkja ytri flugbrautarenda.



Flugvöllurinn er einkavöllur Flugklúbbs Mosfellsbæjar og hvetur RNSA rekstraraðila flugvallarins til þess að leggja á það sérstaka áherslu við flugmenn þegar innri mið flugbrautar eru í notkun.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.

---

<sup>1</sup> Samkvæmt sjávarfallatöflu var sjávarhæð um 4,3 metrar þegar atvikið átti sér stað. Meðalstórstreymisflóð er 4,0 metrar.